

Föstudaginn 14. október 1977.

Nr. 92/1974. **Fróðá h/f, eigandi jarðarinnar Fróðár,**
(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

**Sigurði, Birni, Einari, Guðmundi og
Úlfari Kristjónssonum, eigendum
jarðarinnar Ytri-Bugs,**

(Sigurður Ólason hrl.)

**og dánarbúi Þorgilsar Þorgilssonar,
eiganda jarðarinnar Innri-Bugs,**

(Skúli J. Pálmason hrl.)

**og Sigurður, Björn, Einar, Guðmundur
og Úlfar Kristjónssynir**

gegn

Fróðá h/f.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson og Lúðvík Ingvarsson prófessor.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Uppdráttar af hinu umdeilda landsvæði, og sýni hann einnig allt Fróðárrif. Á hann sé markaður af sérfróðum manni kennileitið „engjaoddi“ eða „engjatangi“ á línunni vestari brúarstöppull gegnum hornmarksvörðu til sjávar, sbr. hæstaréttarskjal N. Enn fremur sé þar mörkuð lega Bugsóss samkvæmt „herforingjaráðskortinu frá 1910“ og „núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri“ til sjávar. Þá séu markaðar á uppdráttinn endanlegar kröfur málsaðilja fyrir Hæstarétti.

2. Sérfræðilegra kannana á því, hvort Fróðá hafi átt rennsli um markaðan farveg gegnum Bugsvaðal ytri fyrir 1936, og verði árfarvegurinn markaður á uppdrátt samkvæmt 1. lið, ef könnunin leiðir í ljós, hvar hann hafi verið.

Enn fremur sé kannað sérfræðilega, hvort líkur séu á því, að innri jaðar Fróðárrifs hafi tekið breytingum, einkum á því svæði, þar sem punkturinn A1 er markaður á hæstaréttarskjali N.

3 Heildarmerkjaskrár „fyrir Fróðá með hjáleigum“, sem vikið er að í dómi landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928.

4. Gagna um önnur atriði, sem gagnaöflun samkv. 1., 2. og 3. lið kann að veita efni til.

A l y k t a r o r ð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Þriðjudaginn 18. október 1977.

Nr. 90/1977. **Jósafat Arngrímsson**
 gegn
Ragnari Jónssyni.

Máli vísað frá Hæstarétti. Áfrýjunarheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Með stefnu 13. júní 1977 áfrýjaði áfrýjandi til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur, uppkveðnum 24. maí s. á., þar sem synjað var kröfu áfrýjanda um breytingu á uppboðsskilmálum vegna nauðungaruppboðs á 3. hæð fasteignarinnar Hafnargötu 31 í Keflavík.

Pegar mál þetta var þingfest á dómþingi Hæstaréttar 3. október sl., óskaði áfrýjandi eftir 4 mánaða fresti til ágripsgerðar.

Stefndi andmælti frestsbeiðninni, og hafa aðiljar ritað greinargerðir um þann ággreining. Við könnun máls þótti rétt